

Borgarráð

Flóasiglingar og bátastrætó á sundunum

Lagt er til að borgarráð samþykki að auglýst verði tilraunaverkefni Reykjavíkurborgar og Akraneskaupstaðar um beina siglingu 50-100 manna ferju milli sveitarfélaganna sumarið 2017. Verkefnið verði skilgreint sem þróunarverkefni og standi yfir tímabilið 1.júní - 1.október 2017 með möguleika á framlengingu í eitt ár. Innkaupadeild verði falið að vinna auglýsingu í samvinnu við skrifstofu eigna og atvinnuþróunar og Akraneskaupstað. Auglýsingargögn verði lögð fyrir borgarráð til staðfestingar áður en verkefnið verður auglýst. Jafnframt er umhverfis- og skipulagssviði falið að greina hugmyndir að því að tengja Gufunes og hugsanlega Bryggjuhverfi og Vogabyggð við miðborgina, sbr. nýlegar niðurstöður hugmyndasamkeppni um skipulag Gufunes og rammaskipulag um Elliðavog og Höfða. Í matinu verði samgöngutengingar á sjó bornar saman við aðrar umferðar- og samgöngulausnir vegna nýrrar uppbyggingar í Gufunesi og eftir atvikum víðar við Sundin.

Dagur B. Eggertsson